

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2010

ÖRNEFNANEFND

Neshaga 16, 107 Reykjavík

Sími 525 5157 · Bréfasími 562 2699 · Netfang ornefnanefnd@hi.is

http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999.

Örnefnanefnd var þannig skipuð 2010:

Póra Björk Hjartardóttir formaður.

Varamaður: *Haraldur Bernharðsson*.

Danfríður Skarphéðinsdóttir, tilnefnd af umhverfisráðuneyti.

Varamaður: *Hrafn Hallgrímsson*.

Svavar Sigmundsson, varaformaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Varamaður: *Guðrún Kvaran*.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málnefndar með tillögurétti og málfrelsi: *Pórarinn Eldjárn*.

Varamaður: *Steinunn Stefánsdóttir*.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að Neshaga 16 í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum og reglugerð þessi:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar;

5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimasíða

www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd

Á heimasíðu nefndarinnar má finna lög og reglugerð um störf örnefnanefndar, megingjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

Fundir og afgreiðsla erinda

Haldnir voru 8 fundir í örnefnanefnd árið 2010.

Nöfn býla

Tilkynningar um nöfn nýbýla:

Örnefnanefnd bærust á árinu formlegar tilkynningar um 19 nöfn. Eftir umfjöllun í nefndinni voru 17 ný nöfn samþykkt og send þinglýsingarstjórum. Einu erindi var vísað frá og öðru hafnað á grundvelli samnefnis í sama umdæmi sýslumanns, en slíkt er andstætt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 og reglugerð nr. 136/1999.

Beiðnir um breytingar á nöfnum býla:

Örnefnanefnd fékk á árinu fimm formleg erindi um nafnbreytingu á býli og heimilaði eina þeirra. Ekki var um að ræða að fyrra nafn væri aflagt sem býlisheiti því það fylgir lóð sem áður hafði verið skipt út úr landareigninni.

Ný nöfn 2010

Árið 2010 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Atlastaðir. Úr landi Syðri-Hofdala í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Ársel. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.
Barkarstaðaskógur. Úr landi Barkarstaðasels í Húnaþingi vestra.
Dægra. Úr landi Strandar II í Rangárþingi eystra.
Finnsstaðaholt. Úr landi Finnsstaða I á Fljótsdalshéraði.
Fornustekkar II. Úr landi Fornustekka í Sveitarfélaginu Hornafirði.
Goðanes. Úr landi Stóru-Háeyrar í Sveitarfélaginu Árborg.
Hnjótur. Úr landi Mundakotstúns og Gamla-Hrauns í Sveitarfélaginu Árborg.
Hofsstaðir II. Úr landi Hofsstaða í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Hraunholt. Úr landi Efri-Gegnishóla í Flóahreppi.
Hvítholt. Úr landi Langholts I í Flóahreppi.
Leynir. Úr landi Stóra-Klofa í Rangárþingi ytra.
Litlavík. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.
Lækjarnes. Úr landi Laxness í Mosfellsbæ.
Skeiðvellir. Úr landi Köldukinnar í Rangárþingi ytra.
Skógarkot. Úr landi Grjóteyrar í Borgarbyggð.
Völlur. Úr landi Stóru-Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Árið 2010 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðni um eftirgreinda breytingu á nafni býlis og sendi hið nýja nafn hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Festarklettur. Áður Knarrarberg í Eyjafjarðarsveit.

Landakort og vegvísar

- 1) Örnefnanefnd barst síðla árs beiðni frá sveitarstjóra Grýtubakkahrepps um umsögn um nafngift á skagann sem liggur á milli Eyjafjarðar og Skjálfaflóa. Erindið var kynnt á síðasta fundi nefndarinnar árið 2010 en afgreiðslu frestað þar sem það kallaði á nánari athugun.
- 2) Fulltrúar frá örnefnanefnd áttu sæti í starfshópi sem menntamálaráðherra setti á laggirnar til að velja nafn á ný kennileiti á Fimmvörðuhálsi sem til urðu í eldsumbrotum þar í mars og apríl 2010. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á vormánuðum og sendi þann 14. júní 2010 eftirfarandi greinargerð til ráðherra:

Greinargerð um ný örnefni á Fimmvörðuhálsi Rökstuðningur með örnefnunum Magna, Móða og Goðahrauni

Menntamálaráðherra fól starfshópi 1. apríl 2010 að velja nýjum kennileitum á Fimmvörðuhálsi nafn. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá Örnefnanefnd, frá Nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og frá Landmælingum Íslands, samtals átta manns. Fulltrúarnir eru Danfríður Skarphéðinsdóttir (Örn.), Eydís Líndal (LMÍ), Hallgrímur J. Ámundason (SÁM), Jónína Hafsteinsdóttir (SÁM), Rannveig L. Benediktsdóttir (LMÍ), Svavar Sigmundsson (Örn.), Þóra Björk Hjartardóttir (Örn.) og Þórarinn Eldjárn (Örn.).

Starfshópurinn vann úr u.þ.b. 150 tillögum sem hópurinn fékk sendar beint eða fyrir milligöngu stofnana sinna eða þá að fulltrúar söfnuðu þeim sjálfir eftir því sem umræða í fjölmiðlum og netheimum gaf tilefni til. Starfshópurinn fékk einnig sendar tillögur úr nafnaleik sem Rás 2 stóð fyrir og tók mið af þeim tillögum.

Starfshópurinn kallaði til ráðuneytis við sig tvo hópa manna, jarðvísindamenn og fulltrúa heimamanna. 12. apríl sat starfshópurinn fund með jarðvísindamönnunum Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Guðrúnu Larsen á Jarðvísindastofnun HÍ. Á fundinum var farið yfir eðli og framvindu gossins. 15. apríl fundaði starfshópurinn með fulltrúum heimamanna, Sveinbirni Jónssyni í Lambey og Óskari Magnússyni á Sámstaðabakka. Sveitarstjórn Rangárþings eystra valdi þá til að vera starfshópnum til ráðuneytis. Fundarmenn voru sammála um að ný örnefni á svæðinu gætu verið af tvennum toga. Annars vegar örnefni sem byggðust á nöfnum sem fyrir væru á svæðinu en hins vegar ný nöfn sem stungju þó ekki í stúf við þau nöfn sem fyrir eru. Í síðara tilfellinu gæti t.d. verið um að ræða nöfn sem tengjast heiðni eða ásatrú enda nöfn af því tagi skammt undan, t.d. Þórsmörk og Goðaland.

Starfshópurinn sá jafnóðum þær tillögur sem honum bárust eða var safnað með öðrum hætti. 28. apríl var fundað um þær tillögur sem þá lágu fyrir og var þá búið að skipa tillögnum í flokka eftir merkingarsviðum eða tilvísunum til umhverfis. Starfshópurinn ræddi einstaka flokka og var sammála um að sumir flokkar nafna kæmu ekki til greina, t.d. nöfn sem tengdust kreppu eða samfélagsástandinu almennt eða nöfn sem væru kennd við einstaklinga, lifandi eða látna.

Eftir nokkrar umræður komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að bera ákveðna tillögu að nöfnum upp við fulltrúa heimamanna og yrði þeim í kjölfarið falið að kanna hug annarra heimamanna til þeirra. Jákvæð svör hafa nú borist úr þeirri átt, heimamenn taka yfirleitt vel í nöfnin eða setja sig ekki upp á móti þeim. Að svo komnu máli telur starfshópurinn tímabært að vísa tillögunni áfram til ráðherra.

Tillagan er sú að gígarnir tveir á Fimmvörðuhálsi hljóti nöfnin *Magni* og *Móði* en hraunið sem rann úr gígunum verði nefnt *Goðahraun*. Rökstuðningur fyrir tillögunni fer hér á eftir.

Þórsmerkur er getið þegar í Landnámu. Þar segir af bræðrunum Ásbirni og Steinfinni Reykertilssonum sem námu land ofan Krossár og austan Markarfljóts. Þar segir: „Ásbjörn helgaði landnám sitt Þór og kallaði Þórsmörk.“ Löng hefð er þannig fyrir því að örnefni á þessu svæði vísi til norrænnar heiðni. Önnur nöfn á svæðinu sem nefna má í þessu samhengi eru t.d. Goðaland sunnan Þórsmerkur

og Goðalandsjökull í Mýrdalsjökli, Goðasteinn í Eyjafjallajökli og Goðabunga heitir hæsti hluti Mýrdalsjökuls.

Í Snorra-Eddu og Eddukvæðum segir frá sonum Þórs, *Magna* og *Móða*. Lýsingar á þeim bræðrum eru fátæklegar en líta má á þá sem persónugervingu ákveðinna eiginleika. Magni er hinn kröftugi og sterki en Móði hinn hugmikli og ákafi. Gert er ráð fyrir að stærri og eldri gígurinn fái heitið Magni en sá yngri og minni nafnið Móði. Ekki eru beinar heimildir um að annar sona Þórs sé eldri en hinn en merkingarlega hentar nafn Magna betur stærri gígnum og þess vegna er það lagt til hér. Goðahraun, hraunið frá gígnum báðum, rennur niður í Goðaland. Að sögn Þórðar Tómassonar (*Þórsmörk. Land og saga* 1996, bls. 67) liggja suðurmörk Goðalands um Fimmvörðuháls og því er eldstöðin öll og einnig hraunið innan takmarka Goðalands. Nafnið Goðahraun á því ágætlega við bæði þess vegna og vegna tengingarinnar við Þór og syni hans.

Auk nafna á gígana tvo á Fimmvörðuhálsi og hraunið sem rann úr þeim kom einnig til álita að leita nafna á hraunfossa þá sem féllu í gilin í Goðalandi. Starfshópurinn sá hins vegar ekki ástæðu að svo stöddu til að gera tillögu um nöfn á þeim, taldi það ekki eins aðkallandi og mætti í þessu tilfelli leyfa nöfnunum að spretta upp af sjálfu sér.

Nöfn sveitarfélaga

Örnefnanefnd veitti á árinu eina umsögn um nafn á nýju sameinuðu sveitarfélagi.

Reykjavík, 8. febrúar 2011

ÖRNEFNANEFND

Þóra Björk Hjartardóttir formaður